

## **Minnisblað**

**Til: Fjölskyldu- og barnamálasviðs og fjölskylduráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar**

**Frá: Jóni Inga Þorvaldssyni hdl., Guðríði Guðmundsdóttur hdl. og Sigríður Kristinsdóttir bæjarlögmaður.**

**Dags: 9. júlí 2020**

**Efni: Hækkun á mánaðarlegu framlagi sveitarfélaga til NPA samnings**

---

### **Álitaefni:**

NPA miðstöðin (NPA) hefur verið farið fram á það við Hafnarfjarðarkaupstað að framlög sveitarfélagsins til NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) verði hækkuð í samræmi við kjarasamninga NPA aðstoðarfólks og það með afturvirkum hætti (að minnsta kosti til 1. apríl sl.). Með sama hætti hefur nú þjónustuþegi beint kröfu að sveitarfélaginu um hækkun á sama grundvelli og NPA miðstöðin hafði þegar sett kröfu sína fram í þágu þjónustuþega.

Hefur fjölskyldu- og barnamálasviðs þegar óskað álits á því hvort heimilt sé að víkja frá kröfu NPA eins og hún er sett fram. Nú liggur fyrir að fjölskylduráð Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur tekið ákvörðun um að miða hækkun á framlagi sveitarfélagsins til NPA samninga við gildandi launavísitölu hverju sinni. Er því hér í minnisblaði þessu fjallað um hvort heimilt sé að miða hækkun NPA samninga við launavísitölu eða hvort hækkun skuli miðast við gildandi kjarasamninga hverju sinni.

### **Laga og reglugerðarákvæði:**

Um notendastýrða persónulega aðstoð er fjallað í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Segir þar í 1. mgr. ákvæðisins:

„Einstaklingur á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.“

Um er að ræða þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita með innleiðingu hennar og er Hafnarfjarðarkaupstaður þegar aðili að NPA samningum.

Jafnframt er á um það kveðið í 3. mgr. ákvæðisins að:

„Ráðherra gefur út reglugerð <sup>1)</sup> og handbók um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, m.a. um hlutverk og ábyrgð, skipulag og útfærslu, þ.m.t. viðmið um umfang þjónustu og lágmarksstuðningsþarfir, eftirlit og kostnaðarhlutdeild aðila í samráði við sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.“

#### Reglugerð:

Með stoð í 11. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hefur ráðherra sett *reglugerð nr. 1250/2018* sem tekur til framkvæmdar notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um fjárhagslega framkvæmd NPA samninga.

Segir almennt um fjárhagslega framkvæmd í 15. gr. reglugerðarinnar:

„Kostnaður vegna heildarvinnutímafjöldna, sem fram kemur í einstaklingssamningi um NPA, skal skiptast á milli sveitarfélags og ríkisins.

Sveitarfélag metur, í samráði við notanda, kostnað vegna vinnuframlags aðstoðarfólks við aðstoðarverkstjórn. Þessi kostnaður skal vera sérstaklega skilgreindur og leggjast við þann heildarkostnað sem fyrr hefur verið reiknaður og skiptist milli sveitarfélags (75%) og ríkis (25%).“

Segir en fremur í 16 gr. reglugerðarinnar um *launakostnað*:

„Framlagi til launakostnaðar er ætlað að standa undir launum og launatengdum gjöldum aðstoðarfólks og skal framlagið taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni. Framlagi til launakostnaðar skal haldið aðgreindu frá framlagi til starfsmannakostnaðar og framlagi til umsýslu.“

Má ráða af ákvæði 16 gr. reglugerðarinnar að framlag til launakostnaðar vegna NPA samningar skal „taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni.“ Er þar jafnframt kveðið á um að framlaginu sé ætlað að standa undir launum og launatengdum gjöldum.

Ekki er kveðið á um sérstakar undantekningar eða undanþágur í reglugerðinni frá ofangreindum viðmiðum um framlag til launakostnaðar.

#### Handbók:

Með vísan í 3. mgr. 15 gr. laga nr. 38/2018 varðandi NPA þjónustu, þá segir þar einnig að ráðherra gefi út handbók um framkvæmd notendastýrðrar þjónustu. Um launakostnað og kjarasamninga segir þar:

„Gerðir hafa verið sérkjarasamningar við Eflingu og Starfsgreinasambandið vegna aðstoðarfólks við NPA. Eru þeir samhljóða og gilda um land allt. Aðilum samninga um NPA ber að kynna sér vel ákvæði þessara kjarasamninga þar sem margs er að gæta við samninga af þessu tagi.“

„Miðað er við að framlag sveitarfélags til launakostnaðar nemi 85% af heildarupphæð framlags til NPA. Gengið skal úr skugga um að framlagið nægi til að standa straum af launakostnaði og launatengdum gjöldum aðstoðarfólks hverju sinni með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga, eðli samnings o.fl.“

Með hliðsjón af ofangreindu úr handbók um framkvæmd notendastýrðrar þjónustu útgefin af ráðherra má horfa til þess að ráðuneytið horfi til sérkjarasamninga við Eflingu og Starfsgreinasambandið þegar samið er við aðstoðarfólks.

Í þessu samhengi má almennt ætla að aðstoðarfólk njóti kjara skv. sér kjarasamningi Eflingar við NPA miðstöðina en svo virðist sem þetta sé eina stéttarfélagið sem hefur skilgreint starf aðstoðarfólks NPA sérstaklega.

#### **Niðurstaða:**

Samkvæmt orðalagi 16. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skal launakostnaður taka mið af kjörum aðstoðarfólks samkvæmt gildandi kjarasamningum hverju sinni. Jafnframt segir í reglugerðarákvæðinu að framlagi til launakostnaðar sé ætlað að standa undir launum og launatengdum gjöldum aðstoðarfólks.

Er sveitarfélagið bundið af ákvæðum reglugerðarinnar enda er hún sett með stoð í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Verður því ekki séð að heimilt sé að styðjast við önnur viðmið varðandi framlög til launakostnaðar aðstoðarfólks en fram koma í gildandi kjarasamningi þeirra.

Er vandséð hver er lagagrundvöllur eða lagastoð þess að styðja hækkanir um framlög til NPA samninga við launavísitölu.

*Hlekkir á tilvitnuð lög og reglugerðir:*

<https://www.althingi.is/lagas/muna/2018038.html>

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1250-2018>